

Veiruvígðvöllurinn Tvísprautaðir Ólánsamastir

Það er fróðlegt að litast um veiruvígðvöllinn á líðandi stundu. Í fyrsta sinni virðist eins og samheldni heimisins yfirvalda sé að breyta. Meðan danska Mette segir faraldurinn yfirstaðinn, þráast Þórólfur og Katrín við. Sérfræðingur lögreglunnar í sóttvörnum veitir einna hörðustu viðspyrnuna og hangir á grímuskyldunni eins og hundur á roði.

Verstu öfgastjórnvöld veraldar eru nú á undanhaldi, nema Austurríkismenn. Þar verða að líkindum sett lög um bólusetningu fullorðinna. Kanadísku vörubílstjórnarnir gerðu uppreisn gegn sefasýkinni á sínum vígstöðvum. Starfssystur og -bræður víða um Evrópu fylgdu í fótspor þeirra. [RÚV á eftir að segja okkur frá því.] Eitt ríki í Kanada hefur nú látið undan. (Ætli Justin yfirstrumpur hafi komið úr felum?)

Nákvæmari (og vonandi sannferðugri) tölur berast víða að. Hér fjallar kanadíski farsóttarfræðingurinn, Paul Alexander um splunkunýja skýrslu frá skoskum yfirvöldum. Umsögn hans er á þessa leið:

Hinir bólusettu sýkjast umvörpum, sérstaklega tvísprautungarnir. En svo virðist, sem þeir óbólusettu sýkist síður. Það gæti stutt kenningu Geert Vanden Bossche þess efnis, að ónæmiskerfið læri eða þjálfist á náttúrulegan hátt. (Geert er hollenskur veirufræðingur. Hann var í uppáhaldi hjá Bill og Belinda Gates, þar til hann fór að vara við covid-bóluefnunum. Sjóður þeirra er voldugur hluthafi í hlutaðeigandi lyfjafyrirtækjum. Staðreyndasporhundarnir hafa miskunnarlaust glefsað í Geert. Hann hefur tvísvar sent ákall til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um að mæla ekki með bólusetningu við Omicron, en Pfizer vinnur nú að framleiðslu slíks efnis og hugsanlega hefur Katrín fest kaup á því þegar eins og hinum fyrri. Við fáum ekki að sjá samninginn við lyfjafyrirtækin til að ganga úr skugga um það.)

Í Skotlandi hafa bólusetningar verið almennar, tæp 90% fullorðinna. fengið tvær sprautur. Tvísprautungar búa við mesta sýkingaráhættu, þeir óbólusettu minnsta. Þrísprautungar eru einnig í meiri hættu en óbólusettir. Þó hafa allir hópar smitast af Omicron í auknum mæli, síðan í desember.

Það á greinilega ekki af þeim tvíbólusettu að ganga. Þeir leggjast öðrum hópum fremur á sjúkrahús. Tví- og einbólusettum er einnig fremur hætt við dauða.

<https://www.voiceforscienceandsolidarity.org/>

<https://palexander.substack.com/p/devastating-negative-efficacy-public?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NDgxODgyMzlsIl8iOiJvVEw4TCIsImIhdCI6MTY0Mzk3MzQxNSwiZXhwIjoxNjQzOTc3MDE1LCJpc3MiOiJwdWltNTc5MzU2Iiwic3ViljoicG9zdC1yZWJjdGlubiJ9.VGCSrQ92ACzV03tQswZJYNvjyUQ1FloP-AoFu8eeX3w>

https://www.publichealthscotland.scot/media/11404/22-02-02-covid19-winter_publication_report.pdf